

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Þriðjudaginn 26. apríl 2005 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 8⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinum voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gígja H. Óskarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Oddviti, Adolf H. Berndsen, setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:**1. Grunnskólinn – umsóknir um stöðu skólastjóra.**

Fyrir fundinum lágu fjórar umsóknir um stöðu skólastjóra Höfðaskóla sem auglýst var laus til umsóknar.

Umsóknirnar voru ræddar og ferill afgreiðslu málsins. Sveitarstjóra og formanni skólanefndar var falið að vinna úr umsóknum í samráði við fræðslustjóra og skólanefnd og leggja tillögu fyrir hreppsnefnd.

2. Leikskólinn – drög að samningi við Skagabyggð um rekstur leikskólans.

Fyrir fundinum lágu drög að samningi milli Skagabyggðar og Höfðahrepps um greiðslur Skagabyggðar vegna barna í sveitarfélaginu sem fá leikskólapláss í leikskólanum Barnabóli. Samningurinn var ræddur og gerðar á honum smávægilegar breytingar en hann var síðan samþykktur.

3. Sameining sveitarfélaga.

Fyrir fundinum lágu gögn frá nefnd um sameiningu sveitarfélaga þar sem m.a. kemur fram lokatillaga sameiningarnefndarinnar. Að tillögu nefndarinnar skal kosið um sameiningu Höfðahrepps við eftirtalin sveitarfélög:

- Áshrepp
- Blönduósbæ
- Skagabyggð

Í gögnum um málið kom m.a fram að tilnefna skal tvo fulltrúa í samstarfsnefnd sem annast undirbúning atkvæðagreiðslu um tillöguna og gerð kynningarefnis um áhrif hugsanlegrar sameiningar. Gert er ráð fyrir að atkvæðagreiðsla um tillöguna fari fram laugardaginn 8. október 2005.

Hreppsnefnd samþykkti að tilnefna Jensínu Lýðsdóttur og Magnús B. Jónsson í samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaga.

Fyrir fundinum lá tölvubréf sem borist hafði frá bæjarstjóra Blönduóss þar sem boðað er til fundar með sveitarstjórnnum viðkomandi sveitarfélaga föstudaginn 6. maí nk. vegna fyrirhugaðra sameiningarkosninga. Ekki var ljóst hvort allir hreppsnefndarmenn komast þann dag en málið var til kynningar.

4. Byggðakvóti

Fyrir fundinum lá samantekt sveitarstjóra um landaðan afla til vinnslu á Skagaströnd vegna úthlutunar byggðakvóta 2004 og 2005. Samkvæmt samantektinni skortir enn á að skilyrðum vegna byggðakvóta 2004 hafi verið fullnægt af tveimur bátum. Birna Sveinsdóttir lýsti vanhæfi sínu til að fjalla um málið vegna skyldleika við viðkomandi.

Einnig lá fyrir fundinum erindi Sigurjóns Guðbjartssonar fh. Víkur ehf. og Lárusar Ægis Guðmundssonar f.h. Jökuls ehf. þar sem óskað er eftir því að frestað verði úthlutun þess hluta byggðakvótans sem skilgreindur var sem hlutur Víkur ehf. vegna innfjarðarrækju en sótt um vegna Ólafs Magnússonar HU 54.

Eftirfarandi samþykkt var gerð: Hreppsnefnd samþykkir að veita frest til 15. júní nk. til að fullnægja skilyrðum byggðakvóta 2004 og sama frest til úthlutunar byggðakvóta Víkur ehf sbr. bréf Sigurjóns Guðbjartssonar. Varðandi frest vegna byggðakvóta 2004 er um lokafrest að ræða og gert ráð fyrir að byggðakvótanum verði úthlutað öðrum ef ekki verður staðið við þann tímafrest.

5. Bréf:

a) **Siglingastofnunar dags. 15.03.2005.**

Í bréfinu er fjallað um heimild til útboðs dýpkunar Skagastrandarhafnar og kemur fram að ekki sé heimild að bjóða verkið út fyrir en samgönguáætlun hefur verið samþykkt af Alþingi en unnið verði að undirbúning útboðs fram að þeim tíma. Bréfið var til kynningar.

b) **Sambands ísl. sveitarf., 15. mars 2005.**

Í bréfinu er kynnt ráðstefna um Staðardagskrá 21 sem haldin verður föstudaginn 29. apríl n.k. Bréfið var til kynningar.

c) **Formanns jafnréttis- og fjölskyldunefndar Akureyrarbæjar, 1.apríl 2005.**

Í bréfinu er greint frá því að landsfundur jafnréttisnefnda verði haldinn á Akureyri 6.-7. maí nk. og dagskrá landsfundarins kynnt. Bréfið var til kynningar.

d) **Samvinnunefndar um svæðisskipulag í A-Hún, 12. apríl 2005**

Í bréfinu er greint frá því að á fundi samvinnunefndar sem haldinn var 6. apríl sl. hafi verið afgreiddar athugasemdir sem bárust í kjölfar auglýsingar um tillögu að Svæðisskipulagi Austur Húnavatnssýslu 2004-2016. Í bréfinu og fylgigöngum kemur fram hvaða breytingar hafi verið gerðar á skipulaginu skv. athugasemdunum. Með bréfinu er sveitarstjórnunum gefin 6 vikna frestur til að taka afstöðu til tillögunnar. Bréfið var til kynningar.

e) **Sóknarnefndar Hólaneskirkju, 19. apríl 2005.**

Í bréfinu er greint frá að sóknarnefnd hafi látið teikna og skipuleggja Spákonufellskirkjugarð og að hafist verði handa við framkvæmdir í næsta mánuði við endurbætur. Þá er í bréfinu minnt á að sveitarfélaginu beri að skipuleggja og kosta framkvæmdir fyrir utan garðinn og hvatt til að hafist verði handa við slíkar framkvæmdir. Sveitarstjóri upplýsti að í fjárhagsáætlun hafi ekki verið gert ráð nægjanlegum fjármunum til umræddra umhverfisúrþóta við garðinn. Sveitarstjóra var falið að láta gera kostnaðaráætlun vegna verkefnisins.

6. Fundargerðir:

a) **Skólanefndar, 23.03.2005.**

Fundargerðin var samþykkt.

b) **Húsnæðisnefndar, 29.03.2005.**

Í 5. lið fundargerðarinnar er lagt til að íbúðin Sunnuvegur 6 verði seld. Fundargerðin var samþykkt.

c) Hafnarnefndar, 20.04.2005.

Í 3. lið c) er lagt til að keyptur verði nýr hafnarkrani. Hreppsnefnd samþykkti það. Fundargerðin var samþykkt.

d) Stofnfundar um Hollvinasamtök HSB, 15.03.2005.

Hreppsnefnd samþykkti að verða aðili að samtökunum. Fundargerðin var til kynningar

7. Önnur mál.

a) Erindi Björgunarbátasjóðs Húnaflóa, dags. 25. apríl 2005.

Í bréfinu er óskað eftir styrk að upphæð 126 þús. kr. til kaupa á tækjum í nýtt björgunarskip.

Erindið var samþykkt.

b) Umsókn um vínveitingaleyfi, dags. 25. apríl 2005.

Fyrir fundinum lá umsókn um leyfi til áfengisveitinga frá Guðrúnu Magnúsdóttur kt. 040761-5439 vegna veitingastaðarins Dagsbrúnar. Hreppsnefnd samþykkti leyfið fyrir sitt leyti en vísaði umsókninni til umsagnar viðeigandi aðila.

c) Atvinnumál.

Oddviti gerði grein fyrir stöðu mála í fyrirtækjaleit sem unnið er að í samstarfi við fyrirtækjasvið LÍ. Málið var til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 10³⁰

Magnús B. Jónsson

(sign)

Adolf H. Berndsen

(sign)

Gígja Óskarsdóttir

(sign)

Jensína Lýðsdóttir

(sign)

Birna Sveinsdóttir